

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 2988/74

frá 26. nóvember 1974

um fyrningarfrest við meðferð mála og hvernig beita skuli refsiaðgerðum samkvæmt reglum Efnahagsbandalags Evrópu um flutninga og samkeppni

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 75., 79. og 87. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Samkvæmt reglum Efnahagsbandalags Evrópu um flutninga og samkeppni er framkvæmdastjórninni heimilt að ákvarða sektir, viðurlög eða févítí á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta lög bandalagsins um upplýsingar eða rannsóknir eða bann við mismunun, samkeppnishömlum eða misnotkun yfirburðastöðu. Í reglum þessum eru engin ákvæði um fyrningarfrest.

Nauðsynlegt er vegna réttaröryggis að kveða á um fyrningarfrest og setja framkvæmdareglur þar um. Til þess að afgreiða þau mál á fullnægjandi máta er nauðsynlegt að gera ráð fyrir fyrningu ekki einungis er lýtur að valdi framkvæmdastjórnarinnar til að ákvarða sektir eða viðurlög heldur einnig er varðar vald hennar til að fylgja ákvörðunum sínum eftir með því að ákvarða sektir, viðurlög eða févítí. Í ákvæðum þessum ber að tiltaka lengd fyrningarfrests, hvenær hann hefst og hvað kann að rjúfa frestinn eða leiða til þess að hann fellur niður. Við ákvörðun þessa ber að taka tillit til hagsmuna fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja annars vegar og til þess sem stjórnsýsluvenjur krefjast hins vegar.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 129, 11. 12. 1972, bls. 10.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 89, 23. 8. 1972, bls. 21.

Reglugerð þessi verður að taka til viðeigandi ákvæða í reglugerð nr. 11 um afnám mismununar á flutningsgjöldum og -skilmálum í tengslum við framkvæmd 3. mgr. 79. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu ⁽³⁾ í framkvæmd, í reglugerð nr. 17 ⁽⁴⁾, fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 85. og 86. gr. sáttmálans og í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 ⁽⁵⁾ frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum. Hún verður einnig að taka til viðeigandi ákvæða fyrirhugaðra reglugerða við lög Efnahagsbandalags Evrópu á sviði flutninga og samkeppni.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Fyrningarfrestur í meðferð mála**

1. Sá frestur er framkvæmdastjórnin hefur til að ákvarða sektir eða viðurlög við brotum gegn lögum Efnahagsbandalags Evrópu um flutninga eða samkeppni er:

a) þrjú ár þegar um ræðir brot á ákvæðum um umsóknir eða tilkynningar frá fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja, upplýsingar sem krafist var eða framgang rannsókna;

b) fimm ár fyrir öll önnur brot.

2. Fresturinn hefst daginn sem brotið er framið. Sé hins vegar um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða skal fresturinn talinn frá þeim degi er brotinu lýkur.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. 52, 16. 8. 1960, bls. 1121/60.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 175, 23. 7. 1968, bls. 1.

2. gr.

Hlé á fyrningarfresti í meðferð mála

1. Hefjist framkvæmdastjórnin eða aðildarríki að beiðni framkvæmdastjórnarinnar handa við forrannsókn eða aðgerðir vegna brots skal gera hlé á fyrningarfresti í meðferð mála. Hléið hefst þann dag þegar a.m.k. einu fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja, sem aðild eiga að brotinu, er tilkynnt um aðgerðina.

Meðal þess sem veldur því að hlé verður á fyrningarfrestinum er einkum:

- a) skriflegar beiðnir um upplýsingar frá framkvæmdastjórninni eða lögbærum yfirvöldum í aðildarríki að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þar sem krafist er umbeðinna upplýsinga;
- b) skrifleg heimild til rannsóknar sem framkvæmdastjórnin eða lögbær yfirvöld í aðildarríki að beiðni framkvæmdastjórnarinnar veita starfsmönnum sínum eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þar sem rannsókn er fyrirskipuð;
- c) upphaf umfjöllunar af hálfu framkvæmdastjórnarinnar;
- d) tilkynning um andmæli af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.

2. Hlé gert á fyrningarfrestinum gildir gagnvart öllum fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að brotinu.

3. Eftir hvert hlé hefst nýr fyrningarfrestur. Fyrningarfrestur rennur þó út að lokum eigi síðar en á þeim degi þegar liðinn er tími sem er jafnlangur tvöföldum fyrningarfresti án þess að framkvæmdastjórnin hafi ákvarðað sekt eða viðurlög. Framlengja skal frestinn sem þeim tíma nemur sem hlé var gert á fyrningu samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Niðurfelling fyrningarfrests í meðferð mála

Fyrningarfrestur í meðferð mála skal niður falla meðan ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er til meðferðar hjá Evrópudómstólnum.

4. gr.

Frestur til að koma fram viðurlögum

1. Sá frestur er framkvæmdastjórnin hefur til að fylgja eftir ákvörðunum um sektir, viðurlög eða févítí, þegar brotið hefur verið gegn lögum Efnahagsbandalags Evrópu um flutninga eða samkeppni, er fimm ár.

2. Fresturinn hefst á þeim degi er lokaákvörðun er tekin í málinu.

5. gr.

Hlé á fresti til að koma fram viðurlögum

1. Gera skal hlé á fresti til að koma fram viðurlögum þegar:

- a) tilkynnt er um ákvörðun sem breytir upprunalegri upphæð sektar, viðurlaga eða févítis eða þegar umsókn um breytingu er hafnað;
- b) framkvæmdastjórnin eða aðildarríki að beiðni framkvæmdastjórnarinnar hefst handa í þeim tilgangi að krefjast greiðslna á sektum, vegna viðurlaga eða févítis.

2. Eftir hvert hlé hefst nýr fyrningarfrestur.

6. gr.

Tímabundin niðurfelling frests til að koma fram viðurlögum

Fella skal frest til að koma fram viðurlögum niður um stundarsakir þann tíma sem:

- a) greiðslufrestur er veittur, eða
- b) greiðslukröfu er skotið á frest samkvæmt ákvörðun Evrópudómstólsins.

7. gr.

Afturvirkni

Reglugerð þessi skal einnig gilda um brot sem framin eru áður en hún tekur gildi.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi tekur gildi 1. janúar 1975.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. nóvember 1974.

Fyrir hönd ráðsins,

J. LECANUET

forseti.
